

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 20/1987. Fiskidjan Arctic hf.

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Aðalsteini Gíslasyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s.m. samkvæmt 20. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi heldur því fram að hin umdeildu söltuðu grásleppuhrogn hafi verið haldin leyndum göllum og honum því verið heimilt að rifta kaupunum að þeim hluta, sbr. 43. gr. 1. mgr., 44. og 58. gr. laga nr. 39/1922. Fallast ber á að þessi lagaákvæði eigi hér við og tilkynning áfrýjanda til umboðssölumanns stefnda um að þessi hluti hrognanna yrði eigi greiddur hafi jafngilt tilkynningu um riftun.

Samkvæmt niðurstöðu fiskmatsstjóra í bréfi 19. september 1984 bendir ýmislegt til að orsaka skemmda í grásleppuhrognunum sé að leita í samspili tveggja atriða:

„1. Salt og þó einkum rotvarnarefni (benzoat) virðast í lægri mörkum. Þrátt fyrir það fundust engar skemmdir við skoðun, sem fram fór, áður en hrognin voru send til Akraness, né heldur við komu þeirra þangað.

2. Geymsla hrognanna í ca. einn mánuð var við óeðlilega hátt hitastig, sé miðað við afurðir, sem aðeins ættu að geymast í kæli. Hitastig í hrognunum mældist 13°C.“

Áfrýjandi bar sjálfur ábyrgð á geymslu hrognanna og fram er komið að geymsla þeirra var í andstöðu við fyrirmæli 3. gr. 2. mgr.

reglugerðar nr. 38/1971 um eftirlit og mat á söltuðum grásleppu-
hrognum til útflutnings.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, komst að þeirri niðurstöðu að hrognin hefðu ekki skemmst svo sem raun varð á, ef annars vegar gæði þeirra hefðu verið fullnægjandi, þegar þau fóru frá stefnda, og hins vegar áfrýjandi hefði geymt þau í kæli uns frekari vinnsla þeirra hófst. Þessari niðurstöðu hefur áfrýjandi ekki hnekkst og brestur hann sönnun um, að hrognin hafi verið gölluð í þeim mæli, að riftun skv. 43. gr. 1. mgr. laga nr. 39/1922 væri heimil. Krafa um afslátt hefur ekki verið höfð uppi eða rökstudd.

Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskiðjan Arctic hf., greiði stefnda, Aðalsteini Gíslasyni, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 6. maí 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þ.m. (sic), hefur Aðalsteinn Gíslason, til heimilis að Bólum 19, Patreksfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. jan. sl., gegn Fiskiðjunni Arctic hf., Vesturgötu 119, Akranesi, til greiðslu kr. 106.400,00 auk 19% ársvaxta af kr. 84.000,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., en auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 106.400,00 til 31.12. 1984, en ásamt 30,8% ársvöxtum frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., en ásamt dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 frá 1979 frá þ.d. til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að kveðið verði svo á í dómsorði að áfallnir vextir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 15. júlí 1985. Loks er krafist málskostnaðar alls úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og ennfremur að honum (sic) verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir.

Stefnandi stundar grásleppuveiðar frá því í apríl og fram í júlí ár hvert og verkar jafnframt grásleppuhrogn sín sjálfur. Umboðssölu f.h. stefnanda hefur fyrirtækið Steinavör hf. í Reykjavík. Fyrir þess milligöngu hefur stefnandi m.a. selt stefnda, Fiskiðjunni Arctic hf. á Akranesi, hrogn til frekari vinnslu. Í byrjun júlímánaðar 1984 seldi stefnandi með atbeina Steinavavarar hf. stefnda 59 tonn af hrognum. Hrogn þessi munu hafa verið veidd í júnímánuði. Ekki hefur komið fram í málinu að stefnandi hafi geymt hrogn sín í kæli, en það mun mjög fátítt meðal framleiðenda. Áður en hrognin voru send frá Patreksfirði fór fram mat á þeim 3. júlí 1984. Í stöðluðum texta matsvottorðs, undirrituðum af matsmanni, segir að hrognin hafi reynst „góð vara, og tunnurnar og merking þeirra í samræmi við gildandi reglugerð um útflutning á grásleppuhrognum“. Ennfremur hefur matsmaður áritað á vottorðið að í eina tunnu hafi vantað 15 kg og að í tunnunum sé mikill þekill og hætta á undirvikt, og að tunnur séu á mörkum að teljast hæfar sakir ljóts útlits, því að gjarðir séu ryðgaðar. Í matsvottorðinu segir að tunnurnar lestist á bil 4. júlí. Hrognin voru síðan flutt til Akraness, fyrst 40 tonn föstudaginn 6. júlí og síðan 19 tonn mánudaginn 8. júlí með bifreiðum frá Vöruflutningamiðstöðinni hf. Af hálfu stefnanda er haldið fram að fyrri hrognasendingin hafi verið geymd undir beru lofti þá um helgina, líklega í sólskinu, en því er mótmælt sem ósonnuðu af hálfu stefnda.

Þegar hrognin komu til Akraness í geymslu stefnda voru þau einnig tekin út og virtust þá í lagi. Ekki voru neinar athugasemdir gerðar af hálfu stefnda við móttöku þeirra á Akranesi. Tunnurnar voru síðan geymdar innanhúss við hliðina á kæligeymslu hjá stefnda, en ekki í kæligeymslu sem var þar inni í húsinu. Í húsinu utan kæligeymslunnar er kælivél nokkra metra frá tunnustaflanum sem volgt loft streymdi frá eftir endilöngu húsinu. Yfir kælivélinni er loftop 30-40 cm í þvermál. Að áliti fyrirsvarsmanna stefnda mun lofthiti í húsinu vera ofurlítið hærri en utanhúss sakir kælivélarinnar.

Um 3-4 vikum eftir að stefndu tóku (sic) við hrognatunnunum frá Patreksfirði urðu starfsmenn stefnda varir við að skemmd var komin í nokkrar þeirra. Stefnda bar fram kvörtun við Steinavör hf. Í kvörtuninni kom fram það álit stefnda að 14 hrognatunnur frá stefnanda væru ónýtar. Stefnda lét svo um mælt að ekki yrði innt af hendi greiðsla fyrir þær tonn. Þá þegar var hafist handa um að rannsaka hvað hefði valdið skemmdunum.

Er hér var komið sögu voru eftirlitsmenn Ríkismats sjávarafurða fengnir til að skoða hrognin og taka sýni úr hinum skemmdu hrognatunnunum í geymslu stefnda. Það voru yfirmatsmennirnir Friðrik Stefánsson og Kristján Þorláksson. Í vottorði þeirra, dags. 13. ágúst, segir að við úttekt á

hrognunum 10. ágúst hafi þeir fundið „talsvert af súrum og skemmdum hrognum“. Þækilstyrkur reyndist frá 13 til 14,5 og hiti í hrognum 13 C. Tunnur virtust gamlar, því að á sumum tunnum sáust tvö hornmerki greinilega og gjarðir voru mjög ryðgaðar. Þá sagði í vottorðinu að skemmdu hrognin væru öll frá því í júní 1984, en einnig væru góð og óskemmd hrogn frá sömu dögum og framleiðendum.

Sýni þau sem eftirlitsmennirnir tóku voru send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 23. ágúst 1984. Að því er eftirlitsmenn Ríkismats sjávarafurða tjáðu stofnuninni var ýlda í einu sýnanna. Í skýrslu Rannsóknastofnunarinnar, dags. 31. ágúst, segir að 7 sýni hafi verið rannsökuð úr nefndum hrognatunnum og hafi hrognin reynst „mjög gerlamenguð“. Sex sýni af sjö dæmdust slæm vegna þessa. Í því sýni sem ýlda var í var gerlafjöldi hæstur (13,5 milljónir/g). Önnur sýni voru enn óskemmd.

Í skýrslu Rannsóknastofnunarinnar sagði ennfremur að helst hefðu áhrif á vöxt og viðgang örvera í söltuðum hrognum: (1) Upphaflegur gerlafjöldi og hreinlæti við söltun. (2) Saltmagn. (3) Bensóatmagn. (4) Hitastig. Þá sagði ennfremur í skýrslunni:

„Ekki er hægt að fullyrða um ástæður fyrir svo háum gerlafjölda í ofangreindum sýnum. Hins vegar má benda á eftirfarandi atriði:

(1) Ekkert er vitað um upphaflegan gerlafjölda og hreinlæti við söltun. Því geta þessi atriði ekki gefið skýringar á hinum mikla gerlafjölda.

(2) Saltmagn í hrognunum var í lægra lagi en þó ekki svo lágt að nægi til skýringar á gerlafjöldanum.

(3) Niðurstöður bensóatmælinga sýndu að óeðlilega lítið bensóat var til staðar (0,02-0,06%). Í tilraun, sem gerð var á R.F. 1980 (Grásleppuhrogn og söltun þeirra, Emilía Martinsd. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda) mældist bensóat yfirleitt um og yfir 0,1% eftir u.þ.b. 2 mánuði frá söltun en 200 g af bensóati fóru í hverja tunnu.

(4) Sýnt hefur verið fram á að vaxtarhraði örvera í söltuðum grásleppuhrognum er mjög háður geymsluhita. Í tæknitíðindum nr. 149 er greint frá geymslutilraunum í hrognum við mismunandi hita (0,5 og 10 C). Þar kom m.a. fram að hrogn geymd við 10 C voru óhæf til neyzlu eftir 30-50 vikur, meðan hrogn við 0 C voru enn í lagi eftir 120 vikur. Sem áður segir mældist 13 C hiti í hrognunum. Öruggt er að vaxtarhraði örvera er töluvert meiri við 13 C en 10 C. Hins vegar hafa ekki verið gerðar tilraunir með geymslu hroгна við hærri hita en 10 C, svo að vitað sé.

Tvær líklegustu skýringarnar á háu gerlainnihaldi og þar af leiðandi skemmdum eru því a) lítið magn rotvarnarefnis, b) allt of hátt geymsluhitastig.“

Þegar ljóst varð að stefda hugðist ekki greiða stefnanda andvirði þeirra 14 tunna grásleppuhroгна sem skemmdust, leitaði umboðsaðili stefnanda,

Steinavör hf., sátta með aðilum. Var þá m.a. leitað eftir enn frekara áliti Ríkismats sjávarafurða á því hvað hefði valdið skemmdunum á grásleppuhrognum nefndra 14 tunna. Af því tilefni reit Einar M. Jóhannsson fiskimatsstjóri f.h. stofnunarinnar Steinavör hf. bréf, dags. 19. sept. 1984. Þar bendir hann á að í skýrslu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sé hvergi að finna neina eina ástæðu til skemmda þeirra sem fram komu í grásleppuhrognunum hjá stefnda. Ýmislegt bendi þó til að orsaka sé að leita í samspili tveggja atriða:

„1. Salt og þó einkum rotvarnarefni (benzoat) virðast í lægri mörkum. Þrátt fyrir það fundust engar skemmdir við skoðun sem fram fór áður en hrognin voru send til Akraness, né heldur við komu þeirra þangað.

2. Geymsla hrognanna í ca. einn mánuð var við óeðlilega hátt hitastig, sé miðað við afurðir sem aðeins ættu að geymast í kæli. Hitastig í hrognunum mældist 13 C.

Hrogn sem mældust með 0,02% benzoat reyndust mun verri en t.d. hrogn úr tunnu sem mældust 0,06% benzoat. Margar tunnur sem þarna voru utan kælis, reyndust við skynmat vera í lagi. Þetta lága benzoatinnihald hefur ekki verið skýrt.

Móttakanda hrognanna, sem starfað hefur að verkun grásleppuhroгна í mörg ár, á hins vegar að vera ljóst að sá geymslumáti sem þarna var viðhafður er alls ófullnægjandi.“

Sáttatilraunir Steinavarar hf. báru ekki árangur. Og þegar greiðsla barst stefnanda ekki frá stefnda gerði hann reka að innheimtu kröfu sinnar og síðan höfðun máls þessa. Stefnandi reiknar kröfu sína út þannig að umsamið verð á tunnu sé kr. 7.600,00 og því samtals fyrir 14 tunnur 104.600,00. Hann kveður samkomulag hafa verið um, að kr. 6.000,00 skyldi greiða strax við afhendingu, en kr. 1.600,00 u.þ.b. mánuði síðar. Upphafsdag vaxta miðar hann við 15. júlí 1984.

Um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum gildir reglugerð nr. 38/1971, sbr. reglugerð nr. 44/1972. Þar segir m.a. að húsnæði, áhöld og hreinlætisútbúnaður við verkun grásleppuhroгна skuli vera í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla í „Reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o.fl.“ nr. 55/1970. Þar segir m.a. að vatn eða sjór sem notaður er til þvotta á fiski og þrifa á áhöldum og húsnæði skuli vera nægjanlegur og megi ekki vera í honum óheilmæm efni. Fjöldi coligerla má ekki vera meiri en 2 í hverjum 100 rúmcentimetrum (MPN), sbr. 1. mgr., 30. gr. Vatn eða sjó á að blanda klóri, svo að hann innihaldi 5-10 p.p.m. af óbundnu klóri (Cl₂), sbr. 2. mgr., 30. gr. Hámarkshitastig vatns eða sjávar, sem notað er til fiskþvotta, skal ekki vera hærra en 7 C, sbr. 4. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 55/1970. Í reglugerðinni nr. 38/1971 segir að séu notuð rotvarnarefni til blöndunar við söltun hrognanna skuli notkun þeirra háð sam-

þykki gerladeildar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sbr. 2. gr. Hrognin skal aðeins salta í nýjar, hreinar og þéttar trétunnur eða tunnur úr öðru efni, er kynni að vera æskilegt og viðurkennt, sbr. 1. mgr. 3. gr. Eftir söltun skal geyma hrognin á köldum stað (milli + 2 C og ÷ 4 C), en þau mega ekki frjósa, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971. Ekki er í reglugerðinni gerð krafa til notkunar rotvarnarefna, né er heldur kveðið á um hversu mikið salt skuli nota eða rotvarnarefni, ef það er notað.

Málsástæður kveður stefnandi vera að hann hafi selt stefnda vöru sem hafi verið í fullkomnu lagi við afhendingu. Kaupandi hafi hins vegar sýnt skeytingarleysi í meðferð hrognanna eftir að hann tók við þeim. Og kaupandi beri ábyrgð á vörunni eftir að hún sé komin í vörslur hans, sbr. 1. mgr. 17. og 44. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Verð vörunnar og greiðsluháttur hafi og verið umsaminn. Samningi aðila hafi ekki verið formlega rift né heldur hafi hin gallaða vara verið endursend, heldur hafi stefndi ráðstafað henni á sína ábyrgð. Því beri stefnda að standa skil á andvirði vörunnar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því að um leyndan galla sé að ræða á þeim 14 tunnum af grásleppuhrognum, sem stefnandi seldi stefnda, sbr. 42. og 44. gr. laga nr. 39/1922. Skemmdir hljóti að hafa verið farnar að búa um sig þegar hrognin bárust stefnda í júlíbyrjun þótt ekki sæjust við mat. Við venjuleg skilyrði þurfi hrogn fimm til sex vikur eftir söltun í tunnur til að verkast í geymslu til frekari úrvinnslu. Hrognin hafi ekki þolað eðlilega geymslu heldur farið strax að skemmast, enda hafi verkendur notað of lítið salt og rotvarnarefni og tunnur verið gamlar. Geymsla utan kælis, eins og stefndi hafi viðhaft, sé alvanaleg aðferð er ekki hafi valdið hrognaskemmdum í fjöldamörg ár. Stefndi kaupi árlega mörg hundruð tunnur af grásleppuhrognum og geymi við sömu skilyrði og tunnur stefnanda, en ekki hafi skemmt hrogn fyrr en nú. Einungis hafi hrogn skemmt frá einum öðrum framleiðanda, Þórði Marteinsyni, sem standi að verkun með stefnanda. Þetta sanni óviðunandi vinnubrögð stefnanda. Þá heldur stefndi því fram að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að verkun hrognanna af hálfu hans hafi verið góð og gild og varan ekki falið í sér þá galla er síðar leiddu til þess að hún varð ónothæf, svo og að geymsla á vörunni hafi orsakað skemmdir hennar, á sama tíma og önnur hrogn, geymd á sama stað, skemmdust ekki. Loks er bent á að stefndi hafi, þegar hann varð var við skemmdirnar í hrognunum, hafi hann (sic) haft samband við umboðsaðila stefnanda og tilkynnt honum hvernig komið var, jafnframt því sem kostað hafi verið kapps um að skilja hin skemmdu hrogn frá en að vinna strax óskemmd hrogn frá stefnanda.

Álit réttarins.

Kaup á þeim 14 hrognatunnum sem deilt er um í máli þessu voru verslun-

ar kaup í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 4. gr. laganna. Um meðferð málsaðila á hrognunum gildi og reglugerð nr. 38/1971 um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum, sbr. reglugerð nr. 44/1972. Skirskotunum málflytjenda til þessara réttarreglna er nokkuð áfátt, en að mati dómsins telst það ekki eiga að koma að sök, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi fór ekki eftir fyrirmælum 1. mgr. 3. gr. nefndrar reglugerðar um að nota nýjar tunnur undir hrogn sín. Hér athugast þó að enn mun algengt að gamlar tunnur séu notaðar við söltun grásleppuhroгна. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að tunnurnar hafi verið rækilega hreinsaðar fyrir notkunina. Hrognaskemmdirnar benda þó til að annaðhvort hafi tunnurnar eða verkfæri stefnanda við verkunina ekki verið laus við geril. Stefnandi veiddi grásleppu þá sem hrognin voru úr í júnimánuði, eða með öðrum orðum eftir að komin voru sumarhlýindi. Þrátt fyrir það notaði hann fremur lítið salt við verkunina og allt of lítið rotvarnarefni, miðað við aðstæður og þær leiðbeiningarreglur sem verkendur fara yfirleitt eftir. Að þessu athuguðu álitur rétturinn að gæði hrognanna hafi ekki verið sem skyldi, enda þótt opinberir matsmenn hafi hvorki getað merkt það fyrir brottflutning hrognanna frá stefnanda né við móttöku þeirra hjá stefnda. Rétturinn álitur að grásleppuhrogn hinna 14 tunna hafi verið haldin leyndum galla þegar þau komu í vörslur og ábyrgð stefnda, sbr. 14. og 42. gr. laga nr. 39/1922.

Þegar stefndi tók við umdeildum 14 tunnum grásleppuhroгна 6. og 8. júlí 1984 hlutu starfsmenn hans þó að veita því athygli að umbúðirnar voru gamlar, notaðar tunnur með ryðguðum gjörðum, sbr. og fyrirmæli 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971. Ekki var þó af hans hálfu kvartað undan því eða gerður fyrirvari um að gæði hrognanna kynnu af þeim sökum að vera minni en venjulegt væri, en slíka kvörtun eða fyrirvara bar honum að bera fram þegar í stað, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922. Góð verslunartíska heimtaði og af honum að hann rannsakaði gæði hrognanna sjálfur við móttöku þeirra, ekki sist sakir þess að hann hugðist, andstætt ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971, geyma þau utan kælis í húsi sem hafði sama lofthita og umhverfið eða jafnvel ofurlítið hærri, sbr. m.a. 52. gr. laga nr. 39/1922. Stefndi hvorki riftaði kaupunum formlega né krafðist afsláttar af kaupverði að tiltölu við móttöku þeirra, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Í byrjun ágúst 1984, þegar stefndi varð þess var að hrogn í 14 tunnum frá stefnanda voru skemmd, voru hrognin andstætt ákvæði reglugerðar búin að vera í vörslum hans og ábyrgð við sumarhita í um mánaðartíma. Stefndi hlaut að verulegu leyti að bera sjálfur ábyrgð á hvernig komið var gæðum hrognanna, þótt þá fyrst bæri hann fram kvörtun og lýsti því yfir

að ekki yrði innt af hendi greiðsla fyrir nefndar 14 tunnur, sbr. 14., 42. og 52. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins að í máli þessu yrði annaðhvort að taka kröfu stefnanda til greina að fullu eða að sýkna af henni af því að ekki hafi verið höfð uppi varakrafa í málinu. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Ekki er af hálfu stefnda gerð athugasemd við útreikning stefnanda á vöxtum.

Álit réttarins er að hrognin hefðu ekki skemmst, svo sem raun varð á, ef annars vegar gæði þeirra hefðu verið fullnægjandi þegar þau fóru frá stefnanda og hins vegar ef stefndi hefði geymt þau í kæli uns frekari vinnsla þeirra hófst. Rétt þykir því að báðir málsaðila beri tjón það sem hlaut af skemmdum á hrognunum. Sanngjarnt og eðlilegt þykir að stefndi beri 65% af tjóninu en stefnandi 35%. Við þá skiptingu er m.a. litið til þess, að stefndi er í sterkari stöðu til að fara eftir lagafyrirmælum um meðferð og geymslu vörunnar, svo og að krefjast þess að saltendur grásleppuhroгна fullnægi einnig þeim kröfum.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda 65% hinnar umstefndu fjárhæðar, þ.e. kr. 69.160,00 auk 19% ársvaxta af kr. 54.600,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 69.160,00 til 31. des. 1984, og auk 30,8% ársvaxta frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., og auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 15. júlí 1985. Málskostnaður fellur niður.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Gizzurarson bæjarfógeti, Akranesi, ásamt meðdómendum Jónasi Bjarnasyni efnaverkfræðingi og Páli Gunnari Pálssyni matvælafræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Fiskiðjan Arctic hf., greiði stefnanda, Aðalsteini Gíslasyni, kr. 69.160,00 auk 19% ársvaxta af kr. 54.600,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 69.160,00 til 31. des. 1984, og auk 30,8% ársvaxta frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., og auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 55/1979 frá þ.d. til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. júlí 1985, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.